



Jóhanna Lan

MS verkefni: Medication-induced delirium in children:
A systematic review

Höfundur: Jóhanna Lan fæddist í Kína þann 25. mars 2001 og var ættleidd til Íslands árið 2002. Hún ólst upp í Reykjavík og útskrifaðist með stúdentspróf af náttúrufræðibraut frá Menntaskólanum í Reykjavík vorið 2020 og hóf nám í lyfjafræði við Háskóla Íslands um haustið sama ár. Samhliða náminu vann Jóhanna hjá Lyf og heilsu hf. og á Landspítalanum í lyfjablöndun. Lokaverkefnið var að mestum hluta unnið við

háskólann í Innsbruck í Austurríki. Jóhanna hefur verið ráðin til starfa sem lyfjafræðingur í lyfjablöndun hjá Landspítalanum og hefur störf þar eftir útskrift.

Stuttur útdráttur úr ritgerð: Óráð er bráðaástand sem einkennist af röskun á meðvitund, óáttun og óeðlilegri hegðun. Hjá börnum er óráð oft vangreint og ekki meðhöndlað á viðeigandi hátt. Lyfjanotkun er orsakavaldur óráðs þar sem margvíslegir lyfjaflokkar stuðla að þróun þess. Markmið þessarar kerfisbundnu samantektar var að safna saman upplýsingum um þau lyf sem geta orsakað óráð hjá börnum, sem og að draga saman meðferðarúrræði og forvarnaraðgerðir. Alls voru 112 heimildir teknar með í samantektina. Þeir lyfjaflokkar sem tengdust helst orsökum óráðs hjá börnum voru svæfingarlyf, bensódíazepín, ópíóðar og andkólínvirk lyf. Óráð við vöknun í kjölfar svæfingar reyndist vera algengasta orsökina sem greint var frá. Þrátt fyrir fjölda rannsókna er enn skortur á upplýsingum og þá sérstaklega í tengslum við meðferðarúrræði.